

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar

Ég tel nægilega tekið af bifreiðareigenum nú þegar en að því er virðist vera notað í allt önnur málefni. Ég hef enga trú á því að veggjöld komi til með að skila sér að fullu í ný vegaverkefni þar sem sagan sýnir okkur að allir nefskattar, söluhagnaður ríkisfyrirtækja, olúgjöld og svo framvegis skila sér ekki í þau verkefni sem upphaflega lagt var af stað með.

Þá hefur ekki verið tryggt að aðrir vegavalkostar standi til boða. Ég tel það ekki rétt að vegaförum sé fjármögnum með gjaldskyldu ef vegakostur 2 stendur bílstjórum ekki til boða. Þá á ég við t.d. raunhæfa valkosti inn og útúr Reykjavík. Það þarf að vera búið að undirbúa vegi sem ekki eru gjaldskyldir, eins og gert er í síðmenntuðum Evrópulöndum þar sem veggjöld eru lögð á hraðbrautir en sveitavegir eru gjaldfrjálsir (þeir eru seinfarnari en þó valkostir sem ber að hafa). Ég tel það greinilegt að ekki hefur verið sest niður og allir fletir skoðaðir fyllilega til hlítar hvernig staðið er að svona verkefnum innan evrópusambandslandanna. Raunar efast ég um að veggjöld eins og þau eru hugsuð útúr Reykjavík standist evrópulöggjöfina!

Þetta er þar að auki aukaskattlagning á ferðaþjónustuna sem nú þegar býr við óeðlilega samkeppnisstöðu hvað varðar skattlagningu á greinina og skekkir samkeppnisstöðu okkar gagnvart erlendum ferðaskrifstofum ennfrekar! Kemur sér mjög ílla fyrir dagsferðafyrirtæki, sem og rútuferðafyrirtæki sem eru í dagsferðum frá t.d. Reykjavík og Akureyri!

Kær kveðja / Best regards

Örvar Mór Kristinsson
General Manager / Owner